

REGLUGERÐ

um gjald til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins árið 1993.

1. gr.

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu greiða gjald til Hagráðingarsjóðs. Skal gjaldið á árinu 1993 nema 945 kr. af hverri brúttórúmllest en þó skal gjaldið aldrei vera hærri en 280 000 kr. fyrir hvert skip. Gjaldþagi hagræðingarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggja brúttórúmllestamæling skils ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á váttryggingarreikning skips, skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Hagráðingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagráðingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingarsjóðsgjaldi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 65, 26. júní 1992, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. desember 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1992.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir.

A) Íbúðir.

Sorphirðugjald kr. 4 000 á íbúð.

B) Fyrirtæki.

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur a) kr. 15 000

Flokkur b) kr. 30 000

Flokkur c) kr. 60 000

Flokkur d) kr. 120 000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

- C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1993, 6 kr/kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 1993.

Umhverfissráðuneytið, 28. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja,
nr. 523 15. desember 1988.**

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Skráningarkerki skulu vera úr 1,0 - 1,5 mm þykku áli. Grunnur skal vera úr endurskini. Stafir, rönd á brúnum og flötur fyrir skoðunarmiða skulu vera upplyftir. Skráningarkerki af gerð A, B og D skulu hafa upplyftan flöt fyrir skjaldarkerki kaupstaðar/bæjar eða sýslu, þó ekki skráningarkerki skv. 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. sem þess í stað skulu hafa upplyftan tígullaga flöt. Efst á skráningarkerkið skal greipt verksmiðjunúmer þess ökutækis sem ber skráningarkerkið.

Gerð skráningarkerkja skal vera sem hér segir:

- A. Stærð 520 x 110 mm, hæð stafa 70 mm og breidd stafleggja 11 mm. Áletrun í einni röð.
- B. Stærð 280 x 200 mm, hæð stafa 70 mm og breidd stafleggja 11 mm.
- C. Stærð 240 x 130 mm, hæð stafa 49 mm og breidd stafleggja 7 mm.
- D. Stærð 305 x 105 mm, hæð stafa 61 mm og breidd stafleggja 9 mm.

Á skráningarkerkjum með áletrun í tveim röðum skulu bókstafir vera í þeirri efri og tölustafir í þeirri neðri.

Skráningarkerki skal nota á ökutæki samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Bifreiða-skoðun ákvæður nánar hvaða gerð skráningarkerkis skal nota á hvert einstakt ökutæki.

2. gr.

8. gr. orðist svo:

Á bifreið skulu vera tvö skráningarkerki, að framan og að aftan. Grunnur skráningarkerkis skal vera með hvítu endurskini með stöfunum ÍS í vatnsmerki, en rönd á brúnum blá og stafir bláir. Á bifreið, sem lýtur reglum um innskatt vegna virðisaukaskatts, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð um innskatt, skal litur á brúnum og stöfum, svo og á tígullaga fletinum, þó vera rauður.

Nota skal skráningarkerki af gerð A skv. 7. gr. Þó skal nota skráningarkerki af gerð B að aftan ef merki af gerð A hentar þar ekki. Ef bifreið er hönnuð þannig að merkjum af gerð A og B verði ekki með góðu móti komið fyrir samkvæmt því sem að framan greinir skal nota merki af gerð D að framan og að aftan.